

Þá hefur ákærði gerzt sekur við 2. gr., 4. gr., 9. gr. 1. og 2 mgr. umferðarlaganna frá 16. júní 1941, sbr. 14. gr. sömu laga.

Loks telur rétturinn, að þegar litið er á öll framanskráð atriði, beri að telja ákærða brotlegan við 215. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Þá þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs talsmanns síns, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, er ákveðast kr. 300.00.

Málið hefur verið rekið víðalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Höskuldur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Friðriks Magnússonar, kr. 300.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. janúar 1946.

Kærumálið nr. 16/1945. Ármann Jakobsson

gegn

Sveini Frímannssyni og Agli Sigurðssyni.

Frávísunardómur ómerktur og máli vísað til héraðsdómara.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, og samdómandinn Benedikt Steingrímsson. Hinn samdómandinn, Gísli Eyland, greiddi sér-
atkvæði í málinu.

Með kæru 13. desember f. á., er hingað barst 27. sama mánaðar, hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm sjó- og verzlunardóms Akureyrar, upp kveðinn 10. sama mánaðar, þar sem vísað var frá héraðsdómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og

að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða honum málskostnað í hæstarétti, kr. 400.00.

Varnaraðiljar krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað, kr. 400.00, í héraði og fyrir hæstarétti.

Sóknaraðili, sem hefur fengið sér framseldar kaupkröfur 9 skipverja á v/b Gaut E A 669, sækir í héraði varnaraðilja til að greiða sér kaup þeirra frá afskráningardegi til skiladags. Er krafa þessi reist á 9. gr. samnings um kaup og kjör á sildveiðum milli stéttarféлага sjómanna og útgerðarmanna, dags. 1. júlí f. á. Verður að telja almennum dómstólum rétt að meta öll atriði, er kaupkröfuna varða, og að skýra ákvæði nefndrar samningsgreinar í því sambandi. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu til héraðsdóms til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðiljar greiði in solidum sóknaraðilja kærumálskostnað í hæstarétti, sem ákveðst 150 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur.

Varnaraðiljar, Sveinn Frimannsson og Egill Sigurðsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Ármanni Jakobsyni, 150 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 10. desember 1945.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms þann 29. nóv. s. l., hefur Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður, Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 30. okt. s. l., á hendur þeim Sveini Frimannssyni og Agli Sigurðssyni, báðum á Akureyri, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 1980.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. ágúst 1945 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Þá krefst hann og sjóveðréttar í v/b „Gaut“ E A 669 fyrir upphæðum þessum.

Krafa stefnanda er gerð fyrir eftirstöðvum á kauptryggingu 9 manna, er voru á sildveiðum á v/b „Gaut“ s. l. sumar, og hafa þeir

framselt stefnanda kröfurnar. Kauptryggingarkrafan er gerð fyrir dagana 21.—26. ágúst 1945, eða frá afskráningardegi til „uppgjörðardags“, og byggist á 9. gr. samnings um kaup og kjör á sildveiðum milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna, sem gerður var 1. júlí 1945.

Stefndu véfengja, að krafa þessi sé lögmæt, og telja sér ekki skylt að greiða hina umstefndu upphæð, vegna þess að dráttur á uppgjöri við sjómennina, eftir að þeir voru afskráðir, verði ekki gefinn stefndu að sök. Gera stefndu þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi, þar sem hér verði að dæma um gildi vinnusamnings, en samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80 1938 eigi félagsdómur að fjalla um slík mál. Verði frávisunarkrafan tekin til greina, krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Í 44. gr. laga nr. 80 11. júní 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni félagdóms sé að dæma í málum út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi og gildi hans meðal annars.

Í máli þessu er ágreiningur um skilning á 9. gr. framangreinds stéttarfélagssamnings, og er því fallið á það með stefndu með tilvisun til 2. töluliðs lagagreinar þeirrar, er síðast var vitnað til, sbr. 47. gr. í sömu lögum, að vísa beri málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Gisla Eylands sjó- og verzlunardómsmanns.

Stefnandi sækir í máli þessu kaupkröfur, sem byggjast á 9. gr. samnings milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna á sildveiðum 1945. Verður að telja almennum dómstólum rétt að meta atriði þau, er varða gildi þessara kaupkrafa. Um gildi ofangreinds samnings er ekki ágreiningur, og ákvæði 9. greinar hans, þau sem hér eiga við, eru það skýlaus, að ekki verður um deilt. Fellur mál þetta því ekki undir verkefni félagsdóms samkvæmt 2. tölul. 44. gr. l. nr. 80 1938.

Samkvæmt þessu verður frávisunarkrafan ekki tekin til greina.

Þvi úrskurðast:

Frávisunarkrafan verður ekki tekin til greina.